

# Fjórðungssamband Norðlendinga

Glerárgötu 24 · Pósthólf 354 · 602 Akureyri · Símar: 96-21614, 22270 & 22453

Akureyri 15. mars, 1990

Sjávarútvegsnefnd  
Efri deildar Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. *P 1121670*

komudagur *19/3 1990*

Ekki voru tök á því að taka fyrir bréf yðar, dagsett 23. febrúar s.l., varðandi umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðistjórnun fyrr en á fjórðungsstjórnarfundum 14. þ.m.

## Umsögn fjórðungsstjórnar er eftirfarandi:

"Fjórðungsstjórn harmar það að hafa ekki átt kost á iengri tíma til samráðs við aðila í Norðurlandi um umsögn varðandi frumvarp um stjórn fiskveiða. Af þessum ástæðum treystir fjórðungsstjórn sér ekki til að láta í té umsögn um einstakar greinar þess.

Fjórðungsstjórn telur ljóst að fyrirliggjandi frumvarp muni ekki bæta mest áberandi galla núverandi fiskveiðikerfis og fiskveiðistjórnunar. Það er ljóst að sú versiun, sem á sér stað um fiskveiðiheimildir milli einstakra aðila og velðistöðva, er að skapa forréttindi vissra aðila um að höndla með sérrettindi. Þetta hefur löuiega stefnt atvinnulífi einstakra byggða í tvísýnu og í mörgum tilvikum stuðlað að byggðaröskun heilia byggðalaga.

Fjórðungsstjórn leggur á það ríka áherslu, að með fiskveiðistjórnun verði tekið tillit til skynsamlegrar jöfnunar byggðar í landinu og atvinnuhagsmuna landsbyggðar, í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar.

Fjórðungsstjórn bendir á að miða verði úthlutun fiskveiðiheimilda jafnhliða við hagsmuni sjávarbyggðanna, fiskvinnslunnar og afkomu verkafólksins í landinu.

Fjórðungsstjórn skorar á þingnefndina að endurskoða frumvarpið, og að sett verði skýlaus ákvæði um byggðalega úthlutun fiskveiðiheimilda, þannig að stjórnun fiskveiðanna stuðli að búsetujöfnun sjávarbyggðanna."

Þess er vænst að umsögnin berist það tímanlega að hún verði höfð til hliðsjónar hjá nefndinni.

F.h. Fjórðungssambands Norðlendinga

  
Áskell Einarsson